

ÁRSSKÝRSLA

Skólaárið 2004 - 2005



Skólaskrifstofa Austurlands



ÁRSSKÝRSLA

Skólaárið 2004 - 2005

Skólaskrifstofa Austurlands



Aðalfundur, Reyðarfirði 14.10. 2005



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	- 2 -
Inngangur	- 3 -
Starfsmannahald	- 5 -
Þjónustusvæði	- 6 -
Samantekt sérfræðimála fyrir árið 2004-2005.....	- 8 -
Forvarnarstarf	- 9 -
Endurmenntun, fræðslufundir og námskeið	- 13 -
Ýmis verkefni.....	15
Lokaorð.....	15



Inngangur

Þetta er 9. ársskýrsla Skólaskrifstofu Austurlands sem tók formlega til starfa 1. ágúst 1996 og hefur því starfað í níu skólaár. Skrifstofan er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Austurlandi (voru 22) frá Djúfavogshreppi í suðri til Skeggjastaðahrepps í norðri. Grunnskólanemendur á svæði skrifstofunnar voru 1492 (sbr. íbúatölur Hagstofu Íslands frá 1. desember 2004) í 15 skólum skólaárið 2004 – 2005.

Æðsta vald byggðasamlagsins er í höndum aðalfundar. Hann sitja fulltrúar aðildarsveitarfélaganna með atkvæðavægi sem hér segir:

<u>Fjöldi íbúa</u>	<u>Fj. fltr.</u>	<u>Viðbót</u>	<u>Vægi atkv.</u>
0 - 200	1		= 1
201 - 550	1	+ 1	= 2
551 - 900	1	+ 2	= 3
901 - 1250	1	+ 3	= 4
1251 - 1600	1	+ 4	= 5
1601 - 1950	1	+ 5	= 6
1951 - 2300	1	+ 6	= 7
2301 - 2650	1	+ 7	= 8
2651 - 3000	1	+ 8	= 9
3001 - 3350	1	+ 9	= 10 o.s.frv.

Aðalfundur kýs fimm manna stjórn og jafnmarga til vara. Stjórnin veitir stofnuninni faglega forstöðu og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins, lögum um grunnskóla nr. 66/1995, 42. og 43. grein sem fjalla um sérfræðipjónustu grunnskóla, reglugerð nr. 386/1999 um sérfræðipjónustu skóla og reglugerð nr. 905/2003 um breytingu á reglugerð um sérfræðipjónustu skóla nr. 386/1999.

Helstu verkefni skrifstofunnar eru samkvæmt samningi:

- ◆ Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðipjónusta við grunnskóla
- ◆ Rekstur og umsjón kennslugagnamiðstöðvar, ráðgjöf um uppbyggingu og starfrækslu skólasafna sbr. 54. gr. grunnskólalaga.
- ◆ Símenntun kennara, nýbreytni og þróunarstörf.
- ◆ Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og samtaka þeirra, menntamálaráðuneytis og annarra opinberra aðila.
- ◆ Launaútreikningur fyrir öll sveitarfélög á starfssvæði skrifstofunnar skv. nánari útfærslu þar um.
- ◆ Önnur mál, sem aðalfundur eða stjórn vísa til skrifstofunnar.



- ◆ Ráðgjöf í deilumálum eftir því sem við á og vísað er til skrifstofunnar.
- ◆ Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd grunnskólalaga.
- ◆ Ráðgjöf og sálfræðiþjónusta við leikskóla sem reknir eru af aðildarsveitarfélögum.
- ◆ Annað, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Skólaskrifstofa Austurlands er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir eigendur sína þ.e. sveitarfélögin og hefur fyrir þeirra hönd yfirumsjón með ýmsum þáttum í starfi grunn- og leikskóla, þ.e. greiningu, ráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Skrifstofan hefur einnig skyldur gagnvart öllum þeim sem tengjast starfi grunnskólanna á svæðinu eins og skólastjórnendum, kennurum, forráðamönnum nemenda og nemendum. Upplýsingagjöf til þessara aðila er því mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna hjá skrifstofunni.

Á skólaárinu var framhaldið ýmsum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Skýrslan byggir á starfseminni skólaárið 2004 – 2005 og skiptist í eftirtalda efnisþætti:

- Starfsmannahald
- Þjónustusvæði
- Sérfræðiþjónusta
- Endurmenntun, fræðslufundir og námskeið
- Ýmis verkefni
- Lokaorð

Í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem kosin var á aðalfundi á Reyðarfirði þann 15. október 2004 hafa setið:

	Til vara:	
Formaður:	Jósef Friðriksson Stöðvarhreppi	Marianna Jóhannsdóttir Fellahreppi
Varaformaður:	Gunnlaugur Sverrisson Fjarðabyggð	Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð
Ritari:	Jón Halldór Guðmundsson Seyðisfirði	Sigfríður Þorsteinsdóttir Breiðdalshreppi
	Björn Heiðar Sigurbjörnsson Vopnaf.	Aðalsteinn Jónsson Norður-Hérað
	Ágústa Björnsdóttir Austur-Héraði	Kristjana Björnsdóttir Borgarfjarðarhr.

Á starfsárinu gekk Ágústa úr stjórninni en hennar sæti tók Marianna Jóhannsdóttir Fellahreppi. Stjórnin hélt þrjá fundi á starfsárinu.



Starfsmannahald

Nokkrar breytingar urðu á starfsliði Skólaskrifstofu Austurlands í byrjun þessa skólaárs.

Ólaffa Þórunn Stefánsdóttir kennslu- og leikskólaráðgjafi sem sá um greiningar- og ráðgjafarvinnu vegna nemenda með námsörðugleika lét af störfum og tók við deildarstjórn sérkennslumála í Grunnskólanum á Egilsstöðum og Eiðum. Skólaskrifstofa Austurlands þakkar Ólafíu farsælt starf í þágu skrifstofunnar og jafnframt er henni óskað velfarnaðar í nýju starfi.

Karen Júlíusdóttir sálfræðingur fór í barnsburðarleyfi í 1 ár frá 1. ágúst 2004.

Hugrún Sigurjónsdóttir sálfræðingur hóf störf 1. september og lauk störfum í júní 2005. Hún sá um skóla (grunn- og leikskóla) á Norðursvæði (Bakkafirði, Vopnafirði, Brúarási, Fellabæ, Austur – Héraði og Seyðisfirði)

Kristín Guðmundsdóttir atferlisfræðingur tók við starfi kennsluráðgjafa 1. ágúst síðastliðinn. Auk almennrar kennsluráðgjafar sinni hún ráðgjöf við skipulagningu á námi nemenda með hegðunar- og samskiptavandamál og nemenda með frávík sem þurfa á einstaklingsnámskrá að halda. Ennfremur skimun og greiningu í stærðfræði.

Ruth Magnúsdóttir kennsluráðgjafi kom í 100% starf en var í 75% starfshlutfalli. Auk almennrar kennsluráðgjafar sinni hún ráðgjöf vegna eineltismála og nemenda með annað tungumál en íslensku. Ruth fór í barnsburðarleyfi 1. maí 2005 og er væntanleg aftur til starfa 1. janúar 2006.

Ásdís Sigurjónsdóttir iðjuþjálfari er í 10% starfshlutfalli hjá Skólaskrifstofu Austurlands, en hún kom aftur til starfa úr barnsburðarleyfi í febrúar 2005.

Aðrir starfsmenn voru:

Aðalheiður Jónsdóttir sálfræðingur í 100% starfi. Hún sá um skóla (grunn- og leikskóla) á Suðursvæði (Djúpavogi, Breiðdalshreppi, Austurbyggð, Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppi).

Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir kennsluráðgjafi 90% starfshlutfall. Auk almennrar kennsluráðgjafar sinnir hún greiningu og ráðgjöf í lestri. Hún hefur yfirumsjón með sérfræðipjónustu Skólaskrifstofu Austurlands.

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Hann sinnir stjórnun, ráðgjöf, fjárreiðum, launaútreikningum og ýmsum upplýsingum um skólastarf.

Gíslunn Jóhannsdóttir ritari. Hún sér um útlán kennslugagna og ýmis önnur skrifstofustörf.


Skólaskrifstofan keypti þjónustu af Halldóru Baldursdóttur talmeinafræðingi, Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur námsráðgjafa og Kolbrúnu Björnsdóttur námsráðgjafa. Fjarðabyggð kaupir hálfá stöðu sálfræðings af Skólaskrifstofunni.



Þjónustusvæði


Á þjónustusvæði skrifstofunnar voru 9.739 íbúar 1. desember 1995. Af þeim voru 1.675 á grunnskólaaldri eða 17,20% af íbúaföldanum. Þann 1. desember 2004 voru íbúar á svæðinu 10210 og grunnskólanemendur 1492.

Nemenda- og íbúafjöldi 1998 - 2004





Skipting íbúa eftir sveitarfélögum 2004





Samantekt sérfræðimála fyrir árið 2004–2005

Haustið 2004 fóru grunnskólakennarar í verkfall í lok september og það stóð fram í lok nóvember. Tilvísanir til skrifstofunnar fóru því ekki að berast fyrir en eftir þann tíma og þar af leiðandi voru tilvísanir færri á skólaárinu 2004–2005. Það var lítið hægt að stytta biðlistana á þeim tíma hjá kennsluráðgjöfum.

Starfssvið sérfræðinga

Starfsemi sérfræðipjónustunnar byggir á grunnskólalögum og reglugerð um sérfræðipjónustu grunnskóla. Leikskólar fá einnig ráðgjöf og sálfræðipjónustu. Þjónustan felst í sálfræðiráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, ráðgjöf vegna alvarlegra hegðunarvandamála og eineltis, almennri kennsluráðgjöf og ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað mál. Skólaskrifstofan hefur fyrir utan fast starfslíð aðgang að ráðgjöf hjá iðjuþjálfra, talmeinafræðingi og námsráðgjafa. Unnið er eftir tilvísunarbeiðnum. Tilvísanir sem bárust til skrifstofunnar á síðastliðnu skólaári voru rúmlega 300 talsins. Ein beiðni getur náð til allt að þriggja sérfræðinga stofnunarinnar.

Sálfræðingar

Starf sálfræðinganna felst m.a í greiningu og ráðgjöf vegna hegðunar, félagslegra og tilfinningalegra vandamála ásamt greiningu og ráðgjöf vegna námserfiðleika til nemenda, foreldra og kennara. Sálfræðingar sitja oft fundi í nemendaverndarráðum grunnskólanna og teymisfundum sem haldnir eru vegna nemenda með þroskafrávik eða hegðunarvandamál. Á síðasta skólaári fóru sálfræðingarnir í 15 grunnskóla og 6 leikskóla. Þeir sinntu 183 börnum og unglingum, þar af 17 börnum á leikskóla. Við lok þessa skólaárs bíða 33 börn eftir sálfræðiaðstoð. Biðlisti hefur styst mikið frá fyrra ári. Einnig hefur biðtími eftir aðstoð sálfræðings styst og er kominn niður í 9–10 mánaða bið (var orðinn allt að 2 ár).

Skólaskrifstofan hefur einungis leyfi fyrir einu og hálfu starfi sálfræðings. Álag á sálfræðingum hefur því verið mikið eins og undanfarin ár.

Kennsluráðgjafar

Starfssvið kennsluráðgjafa felst m.a í að aðstoða kennara (leik- og grunnskólakennara) við að skipuleggja námsskrá nemenda með alvarleg hegðunar- og samskiptavandamál, handleiðslu vegna nemenda með sérþarfir, greiningu á lestrar- og stafsetningarerfiðleikum og ráðgjöf varðandi kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Á síðasta ári kom Kristín Guðmundsdóttir atferlisfræðingur til starfa á skrifstofunni og hefur aðstoðað skóla við að skipuleggja nám nemenda með mikil frávik og mikla hegðunarerfiðleika. Kennsluráðgjafar koma á teymisfundum sem haldnir eru vegna nemenda með þroskafrávik eða hegðunarvandamál.

Kennsluráðgjafar sinntu 230 málum þar af eru 23 mál í vinnslu og 35 mál í bið. Á biðlista eru aðallega lestrargreiningar vegna þess að annar kennsluráðgjafinn sem sinnti þeirri vinnu hætti störfum við stofnunina í ágúst 2004. Hluti af biðlistanum eru tilvísanir sem bárust í vor eftir að skóla lauk bæði hjá sálfræðingum og kennsluráðgjöfum.



Hér að neðan og á næstu síðu sést skipting sérfræðiþjónustunnar í grófum dráttum. Þessar tölur eru byggðar á þeim tilvísunum sem berast skrifstofunni. Auk þess sinna sérfræðingar skrifstofunnar fjölmörgum málum sem ekki koma fram á töflunni s.s. sitja teymisfundir vegna einstakra nemenda, fundi í nemendaverndarráðum, ráðgjöf til foreldra og kennara í gegnum síma og tölvupóst o.s.frv.


Það er rétt að geta þess að fjöldi mála gefur ekki alltaf rétta mynd af þeirri vinnu sem liggur að baki hverju og einu máli fyrir sig.

Talmeinafræðingur sinnti greiningu og ráðgjöf í alls 37 málum í leik- og grunnskólum og til **iðjuþjálf**a fóru 12 tilvísanir.

Námsráðgjöf var veitt í meira mæli en áður. Sjö skólar fengu heimsókn námsráðgjafa. Ráðgjöfin sem veitt var í skólunum var bæði einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur og foreldra.


Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir námsráðgjafi fór í 6 skóla, Kolbrún Björnsdóttir námsráðgjafi fór í einn skóla.

Tilvísanir sem bárust á skólaárinu 2004 - 2005





Verkefni unnin á skólaárinu 2004 - 2005



Forvarnarstarf

Leikskóli:

Skimunarprófið **HLJÓM-2** er lagt fyrir elstu nemendurnar í leikskólum að hausti og aftur í febrúar. HLJÓM-2 er könnun á mál- og hljóðkerfisvitund leikskólabarna. Skólaskrifstofan fær að fylgjast með frammistöðu nemenda og leggur fyrir nemendur málþroskapróf ef niðurstaðan er slök.


Grunnskóli:

LÆSI-lestrarskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Skólaskrifstofan fylgist með frammistöðu nemenda og leggur til greiningu og ráðgjöf í framhaldi af því, ef þörf krefur. Læsis-skimunarprófin hafa veri lögð fyrir í umdæminu frá árinu 2000. Allir skólar leggja það fyrir og árangurinn hefur smám saman verið að stíga upp á við þ.e. kennarar eru orðnir meðvitaðari um hvaða þættir það eru sem nauðsynlegt er að leggja áherslu á í byrjendakennslunni til að draga úr lestrarerfiðleikum. Á síðastliðnu skólaári var kennsluráðgjafi í samstarfi við Rósu Eggertsdóttur sérfræðing á Skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri um samanburð á niðurstöðum Læsi-skimunarprófa úr nokkrum skólum á svæði Skólaskrifstofu Austurlands og nokkrum skólum á Norðurlandi vestra. Samanburðurinn var Austurlandi í hag. Töluvert fleiri nemendur í okkar skólum voru með yfir 60% atriða rétt. Hér á eftir er sýnishorn af niðurstöðum úr tveimur skimunarprófum (Rósa Eggertsdóttir 2005)¹.

¹ Rósa Eggertsdóttir. 2005. *Byrjendalæsi*. Skýrsla um þróunarstarf í lestri í 1. og 2. bekk í fjórum grunnskólunum í Húnavatnssýslum. Skólaþróunarsvið Kennaradeildar HA.




Læsi 1. bekkur, 2. próf í apríl



1. bekkur: Samantekt frá fjórum skólum í Húnavatnssýslu, alls 48 nemendur. 65% nemenda ná yfir 60% árangri á prófinu. Prófin voru lögð fyrir á Norðurlandi vestra um mánaðarmótin mars/apríl. Samantekt frá fimm skólum á Austfirðum, alls 75 nemendur. 79% nemenda ná yfir 60% árangri á prófinu. Prófin voru lögð fyrir á Austfirðum í apríl.

Læsi 2. bekkur, 2. próf í apríl





2. bekkur: Samantekt frá fjórum skólum í Húnavatnssýslum, alls 41 nemandi. 56% nemenda ná yfir 60% árangri á prófinu. Prófin voru lögð fyrir í Húnavatnssýslu um mánaðarmótin mars/apríl. Samantekt frá fimm skólum á Austfjörðum, alls 75 nemendur. 69% nemenda ná yfir 60% árangri á prófinu. Prófin voru lögð fyrir á Austfjörðum í apríl.

Nánast engir austfirskir nemendur sýna undir 30% árangur og sárafaír eru undir 40% árangri. Rétt er að benda á að við útreikning hlutfalla vó hver nemandi í húnvetnsku skólunum um það bil tvöfalt á við hvern austfirskan nemanda.

GRP 14 (greinandi lestrar- og stafsetningarpróf) er lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk. Ef fram koma vísbendingar um lestrarörðugleika (umskráningar-örðugleika) þá er nemendum boðið upp á einstaklingsgreiningu og fara því flestir nemendur með lestrargreiningu í framhaldsskólann. Nemendur hafa þá fengið staðfestingu á lestrarerfiðleikum sínum og geta fengið ýmsan stuðning þegar í framhaldsskóla kemur.

Stærðfræðiskimun fer fram í 3. og 6. bekk í flestum skólum og kennsluráðgjafar aðstoða skóla við það.

Greiningarteymi

Sálfræðingur tekur þátt í starfi Greiningarteymis Austurlands, sem er þverfaglegt teymi í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Austurlands. Teyminu barst einungis ein beiðni í lok skólaársins og hefur það ekki verið virkt undanfarna mánuði. Skýringar á fáum beiðnum má e.t.v. finna í því að fáum er kunnugt um starfsemi teymisins, en vegna anna í öðrum störfum hefur tími ekki gefist til kynningarstarfa. Þar sem langflest börn fara í leikskóla þegar þau hafa aldur til má ætla að leitað sé til Skólaskrifstofunnar, þannig að börn í vanda fái aðstoð þaðan, gerist hennar þörf.

Þátttaka í stöðlun Námsmatsstofnunar á WISC III-R (IS) þroskaprófi fyrir börn á grunnskólaaldri

Sálfræðingur tók þátt í stöðlunarverkefni Námsmatsstofnunar á Austurlandi. Hér er á ferðinni íslensk stöðlun á greindarprófi Wechslers fyrir börn á grunnskólaaldri (6-16 ára). Þeir skólar sem í úrtakinu voru eru eftirtaldir; Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskólinn á Egilsstöðum, Nesskóli og Fellaskóli. Stöðlun greindarprófa fyrir íslenskar aðstæður er mikið framfaramál sem eykur verulega áreiðanleika þeirra athugana sem gerðar eru þegar grunur vaknar um almenna námserfiðleika eða seinþroska.



Endurmenntun, fræðslufundir og námskeið

Samkvæmt grunnskólalögum bera skólastjórar ábyrgð á að gera endurmenntunaráætlun fyrir skóla sína. Á okkar svæði hefur Skólaskrifstofan haft frumkvæði að námskeiðahaldi í samvinnu við skólastjórnendur undanfarin ár. Þátttaka á námskeiðin hefur verið mjög góð. Brýnt er að halda áfram á svipaðri braut í endurmenntunarmálum þ.e. að hafa sameiginleg sumarnámskeið þó svo að einstakir skólar hafi styttri námskeið og fræðslufundi inni í skólunum á skólatíma.

Menntamálaráðuneytið auglýsti styrki úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til endurmenntunar í desember með umsóknarfresti til 28. febrúar. Alls bárust umsóknir til 161 verkefna og var samanlögð upphæð þeirra ríflega 57 milljónir króna. Til úthlutunar voru um 17,5 milljónir króna, en voru 22 milljónir króna á síðasta skólaári.

Við mat á umsóknum styðst sjóðsstjórn við gildandi reglur um sjóðinn nr. 200/1999. Stjórn sjóðsins gerir tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Skólaskrifstofa Austurlands hlaut styrki í sjö verkefni, samtals kr. 664.000,-

Skólaskrifstofan hafði samstarf við, Kennaraháskóla Íslands og fleiri aðila um framkvæmd námskeiðanna.

Námskeið styrkt úr endurmenntunarsjóði grunnskóla:

Að finna sína leið

Tími: 13. júní 2005

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinandi: Hafdís Ingvarsdóttir

Ferilnám, námsvitund og nemendasjálfsæði

Tími: 14. júní 2005

Staður: Fellaskóli

Leiðbeinandi: Brynhildur Anna Ragnarsdóttir

Einstaklingsmiðað nám í getublönduðum hópi

Tími: 15. júní 2005

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinandi: Guðríður Adda Ragnarsdóttir

Viðtals- og samtalstækni

Tími: 11. ágúst 2005

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinandi: Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

Fjölmennningarleg kennsla: Clim-aðferðin

Tími: 15. og 16. ágúst 2005

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinandi: Hanna Ragnarsdóttir

Einstaklingsmiðað lestrarnám barna í 1. og 2. bekk

Tími: 18. ágúst 2005

Staður: Nesskóli, Neskaupstað.

Leiðbeinandi: Björg Þorvaldsdóttir og Eva Sýbilla Guðmundsdóttir

Gerð einstaklingsnámskrár

Tími: september 2005

Staður: Seyðisfjörður

Leiðbeinendur: Kristín Guðmundsdóttir og Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir



Sérfræðingar skrifstofunnar héldu ýmiss konar fræðslufundi fyrir foreldra og kennara á síðastliðnu skólaári t.d.:

- ✚ Fræðsluerindi á skólafærninámskeiði sem haldið er í Nesskóla fyrir foreldra nemenda 1. bekkjar í september ár hvert (um samskipti og hegðun, þroska skólabarna og lestrarþróun)
- ✚ Fræðsluerindi fyrir skólaliða
- ✚ Erindi á ráðstefnunni Læsi á 21. öldinni sem haldið var á Akureyri
- ✚ Fræðsluerindi um snemmtæka íhlutun
- ✚ Fræðsluerindi um samskiptamótun og hlutverk foreldra í að byggja upp jákvæð samskipti
- ✚ Móttaka nýbúa og tvítýngi
- ✚ Starfsumhverfi og líðan á vinnustað
- ✚ Sálfræðingur tók þátt í stöðlun Námsmatsstofnunnar á WISC III–R (IS) þroskaprófi fyrir börn á grunnskólaaldri
- ✚ Endurmenntunarnámskeið fyrir kennara um áföll í nemendahópum

Sérfræðingar stofnunarinnar sóttu ýmsa fræðslufundi og námskeið á starfsárinu s.s.

- ✚ *Stig af stigi, þjálfunarnámskeið fyrir kennara.* Leiðbeinandi Guðbjörg Ingimundardóttir, félagsráðgjafi. Reynir ráðgjafarstofa KMM ehf. Nesskóli, 26. ágúst 2004.
- ✚ *Tákn með tali, grunnnámskeið.* Leiðbeinendur: Sigrún Grendal Magnúsdóttir, talmeinafræðingur og Jóna G. Ingólfssdóttir, þroskaþjálfari/sérkennari. Egilsstaðir, 18. ágúst 2004.
- ✚ *Skóli án aðgreiningar.* Kennsla – sérkennsla. Málþing 10. - 11. september í Kennaraháskóla Íslands. Félag íslenskra sérkennara í samstarfi við: Menntamálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Kennarasamband Íslands og Kennaraháskóla Íslands.
- ✚ *ART. Aggression Replacement Training.* Leiðbeinendur Luke Moynahan og Geir Sollid. Reykjavík, 16. og 17. september 2004.
- ✚ *Geisli 3.* Leiðbeinandi Jónína Vala Kristinsdóttir, Seyðisfirði 10. september 2004 á Þingi KSA.
- ✚ *Meðferð við átröskunum á spítölum og heilsugæslu.* Endurmenntun Háskóla Íslands. Prófessor Janet Treasure o.f.l. 26. - 29. október 2004.
- ✚ *WPPSI-R.* Námskeið um stöðlun. Námsmatsstofnun 1. nóvember 2004
- ✚ *Starfssemi Sjónarhóls – ráðgjafarmiðstöðvar.* Kynningarfundur á Egilsstöðum 9. nóvember 2004.
- ✚ *Sértækar málþroskaraskanir barna í leik og – grunnskóla. Greining og úrræði.* Málþing á vegum Félags talkennara og talmeinafræðinga. Akureyri, 15. nóvember 2004.
- ✚ *Upplestur og íslenskur framburður.* Fræðslufundur fyrir kennara í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk. Háskólanámssetrinu á Egilsstöðum. 13. janúar 2005.
- ✚ *Réttindanámskeið á málþroskaþrófunum TOLD 2-P og TOLD 2I.* Leiðbeinandi Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingur. Reykjavík, 28. janúar 2005.
- ✚ *Úr viðjum vanans.* Fræðsluerindi um jafnréttisbaráttu, kynmótun og kynferðislegt ofbeldi. Halla Gunnarsdóttir Eskifirði 15. febrúar 2005.



- ✚ *Um nám og kennslu nemenda sem fá sérstaka íslenskukennslu.* Fræðslufundur haldinn í Grunnskóla Eskifjarðar 15. mars 2005. Fyrirlesari Hulda Karen Danielsdóttir.
- ✚ *Læsi á 21.öldinni.* Hvar stöndum við? Hvert stefnum við? Akureyri 16. apríl 2005.
- ✚ *Annual Convention of the Association for Behavior Analysis.* Ráðstefna. Chicago. Maí 2005.
- ✚ *Vorfundur starfsfólks á skólaskrifstofum* haldinn á Akureyri í maí 2005.
- ✚ *Málþing KHÍ* um rannsóknir, nýbreytni og þróun. Október 2004.
- ✚ *Vorfundur Skólalærafélags Austurlands,* haldinn á Eskifirði.
- ✚ *Hautþing KSA* á Djúpavogi.
- ✚ Fundur með fræðslunefnd Mjóafjarðar.
- ✚ Fundur á Kárahnjúkum um skólamál.

Ýmis verkefni.

Margvísleg önnur verkefni hafa komið inn á borð skrifstofunnar sem ekki verða talin hér upp sérstaklega. Þó skulu nefnd þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni hjá nemendum í 7. bekk og varðskipsferðir nemenda í 10. bekk.

Ágreinings og deilumál ýmis konar, koma stundum upp í tengslum við störf í grunnskólum. Skólaskrifstofan hefur ekki úrskurðarvald, heldur sinnir eingöngu ráðgjöf í slíkum málum. Á árinu tókst að finna lausn á þeim málum sem skrifstofan kom að. Í slíkum málum liggur oft mikil vinna enda mikilvægt að ná samkomulagi ef þess er kostur hvort sem um er að ræða álita- eða deilumál. Mál koma ýmist frá skólum, foreldrum eða skólanefndum.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið getið helstu atriða í starfsemi Skólaskrifstofu Austurlands á skólaárinu 2004-2005.

Á þessu nýliðna starfsári hafa verkefnin verið fjölmörg líkt og undanfarin ár, þrátt fyrir nokkuð óvenjulegt starfsár.

Verkfall grunnskólakennara setti sterkan svip á skólaárið. Verkfallið hófst 20. september, einn kennsluráðgjafi SKA var í verkfalli. Þann 29. október var verkfallinu frestað og miðlunartillaga lögð fram. Úrslit úr atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu lágu fyrir 8. nóvember. Tillagan var felld með afgerandi hætti, 93% nei, 5% já. Verkfall hófst því aftur 9. nóvember. Þann 13. nóvember setti Alþingi lög sem bönnuðu verkfall kennara og vísaði deilunni í gerðardóm næðist ekki samkomulag fyrir 20. nóvember. Þann 17. nóvember var síðan undirritaður nýr kjarasamningur sem var samþykktur í atkvæðagreiðslu, en úrslit lágu fyrir 6. desember. Það má með sanni segja að fyrri hluti skólaársins hafi raskast allverulega ekki síst vegna þeirrar óvissu sem ávallt skapast í aðdraganda kjaradeilna og þar til niðurstaða næst. Nokkurn tíma tók síðan að koma starfinu aftur í fastar skorður.

Á skólaárinu var lögð rík áhersla á gildi forvarnastarfs eins og áður. Sú áhersla er einkum á yngri stigum og á samstarf heimila og skóla meðal annars með fræðslu á foreldrafundum og þátttöku í



teymum þar sem sitja foreldrar einstakra nemenda, kennarar og ráðgjafar. Reynslan sýnir að þetta fyrirkomulag styrkir samvinnu aðila um erfið mál og stuðlar að virku og góðu upplýsingastreymi og betri þjónustu. Skólaskrifstofan leggur áherslu á trausta ráðgjöf til þeirra sem til hennar leita. Starfsmenn leggja aukið vægi á þverfaglega samvinnu til undirbúnings ráðgjöf.

Enn sem komið er hefur ekki tekist að koma á fastri þjónustu talmeinafræðings í fjórðungnum en mjög mikilvægt er að sveitarfélög tryggi þá þjónustu ef nokkur kostur er. Sérstaklega er þessi þjónusta mikilvæg fyrir nemendur sem þarfnast talþjálfunar í lengri tíma. Skólaskrifstofan kannaði þörfina fyrir þessa þjónustu í vor. Svör bárust frá öllum grunn- og leikskólum á svæðinu. Niðurstaðan var að rúmlega 15% leikskólabarna (76 börn) og um 4% grunnskólabarna (60 börn) á Austurlandi eiga við framburðarvandamál að stríða. Þar að auki eru tæplega 3% grunnskólabarna (38 börn) greind með málproskaröskun.

Eins og fyrri ár var lögð áhersla á framboð fræðslu og endurmenntunar. Nú í ár voru námskeiðin fjölbreytileg með sérstaka áherslu á einstaklinginn í skólanum.

Það hefur vart farið framhjá nokkrum sú breyting sem er að verða á Austurlandi vegna aukinna umsvifa í tengslum við þær stórframkvæmdir sem nú eru í gangi. Þessar breytinga koma fram í skólasamfélaginu sem og annars staðar, en þó með misjöfnum hætti. Mest eru áhrifin á miðsvæði fjórðungsins. Þar hefur verið ráðist í miklar byggingarframkvæmdir, bæði fyrir grunn- og leikskóla. Ekki þarf að efast um metnað sveitarstjórnarmanna til skólastarfs þegar litið er til uppbyggingar og aðbúnaðs. Þrátt fyrir að vel sé staðið að þeim málum má þó aldrei gleyma mikilvægi þess að saman fari góðar innri og ytri aðstæður í skólastarfi.

Umræðan um áform um styttingu náms til stúdentsprófs hefur verið nokkur og hafa menn ekki verið á eitt sáttir hvernig staðið hefur verið að þeim málum. Vinna við endurskoðun og yfirferð námskráa stendur yfir. Sveitarstjórnarmenn og aðrir eru hvattir til að fylgjast vel með framvindu mála.

Reglugerðabreyting um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk grunnskóla mun snerta grunnskólanemendur í framtíðinni. Með breytingunni gefst þeim nemendum í 8. og 9. bekk sem standast gerðar kröfur að taka samræmd próf í sex námsgreinum. Jafnframt er nú heimild fyrir þá nemendur á endurtöku á þeim prófum ef ástæða þykir. Með þessari breytingu geta skapast fleiri tækifæri fyrir duglega nemendur í námi.

Að lokum þakkar undirritaður fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Skólaskrifstofu Austurlands öllum samstarfsaðilum ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári með ósk um að í framtíðinni megi það dafna vel og styrkjast. Jafnframt þakkar undirritaður starfsfólki vel unnin störf.

Reyðarfirði í október 2005.

Sigurbjörn Marinósson